



HRUNAMANNAHREPPUR

69. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

10. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 19. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 20. fundar frá 4. júní 2025.

Lögð fram fundargerð 20. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn óskar þóreyju þulu Helgadóttur, knapa, til hamingju með titilinn Íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi. Einnig óskar sveitarstjórn öðrum verðlaunahöfum til hamingju með glæsilegan árangur á liðnu ári og óskar öllum hópnum velfarnaðar og góðs árangurs í framtíðinni.

2. Ungmennaráð: Fundargerð sameiginlegs fundar Ungmennaráðs og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 21. maí 2025.

Lögð fram fundargerð sameiginlegs fundar Ungmennaráðs og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með fundinn og þær góðu umræður sem þar fóru fram. Sveitarstjórn fagnar því að föst regla sé orðin á sameiginlegum fundum sveitarstjórnar og ungmennaráðs. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 304. fundar skipulagsnefndar frá 13. júní 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. júní sl.

Lögð fram fundargerð 304. fundar skipulagsnefndar frá 13. júní 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 15. Hrafnabjörg: Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulagstillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps í landi Hrafnabjarga. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hrafnabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hrafnabjarga á reit F20 í gildandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

DGS
HAFS
B

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16. Auðsholt 2: Ný íbúðarhúsalóð, Auðsholt 2C; Deiliskipulagsbreyting.
Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Auðsholts 2. Í breytingunni felst skilgreining nýrrar íbúðarlóðar sem fær staðfangið Auðsholt 2C. Innan lóðarinnar verði heimilt að byggja íbúðarhús með bílgeymslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan svæðisins.

Mál nr. 17. Loðmundartangi 29: Byggingarleyfi; einbýlishús.

Móttekin var umsókn þann 02.06.2025 um byggingarleyfi fyrir 194,6 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr á íbúðarhúsalóðinni Loðmundartangi 29 L238270 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Við endurskoðun deiliskipulags verði afmörkun byggingarreits leiðrétt í takt við afstöðumynd framlagðra aðaluppdrátta.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Við endurskoðun deiliskipulags verði afmörkun byggingarreits leiðrétt í takt við aðstöðumynd framlagðra aðaluppdrátta.

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. júní sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 34. fundar frá 28. apríl 2025.

-Ásamt viðauka við fjárhagsáætlun fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga og leigusamningi safnsins á Flúðum, þarfnast staðfestingar.

Lögð fram fundargerð 34. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. ásamt viðauka við fjárhagsáætlun fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga og leigusamningi safnsins á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka við fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga og staðfestir jafnframt leigusamning safnsins við Hrunamannahrepp um fjargeymslu fyrir safnið á Flúðum. Umframkostnaði sem af þessu hlýst verður mætt með framlagi af liðinum 21-3790, ófyrirséð til síðari nota. Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

DGS B ✓
24
ART
2

5. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 244. fundar frá 2. maí 2025.**
-Liður 1.h (þarfnast staðfestingar).

Lögð fram fundargerð 244. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka við fjárhagsáætlun Heilbrigðisteftirlits Suðurlands. Umframkostnaði sem af þessu hlýst verður mætt með framlagi af liðinum 21-3790, ófyrirséð til síðari nota.

Erindi til sveitarstjórnar:

6. **Umsagnarbeiðni frá Lyfjastofnun vegna umsóknar um lyfjaútibú B.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Lyfjastofnun vegna umsóknar lyfsöluleyfishafa lyfjabúðar fyrir nýtt lyfjaútibú B að Hrunamannavegi 3, 845 Flúðum.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með framkomna umsókn um lyfjaafgreiðslu B hér á Flúðum. Heilsugæsla Uppsveitanna flytur í nýtt húsnæði hér á Flúðum í haust og við þá breytingu er ljóst að brýn þörf er hér á lyfjaafgreiðslu enda eru um 50 km í næstu lyfjaafgreiðslu sem er á Selfossi. Sveitarstjórn hvetur Lyfjastofnun eindregið til að veita innsendri umsókn brautargengi og veita leyfi fyrir lyfjaafgreiðslu að Hrunamannavegi 3 á Flúðum.

7. **Bréf frá stjórn Félags eldri Hrunamanna frá 3. maí 2025.**

Lagt fram bréf frá stjórn Félags eldri Hrunamanna þar sem lýst er yfir ánægju með fyrirhugaðar framkvæmdir á Heimalandsreitnum. Óskar stjórn Félags eldri Hrunamanna eftir því að fá að vera með í ráðum hvernig íbúðir og félagsaðstaða verði útfærð, ef mögulegt er.

Sveitarstjórn þakkar erindið og lýsir yfir fullum vilja til samráðs við félagið um framhald umræddra verkefna. Þó getur sveitarstjórn ekki lofað aðkomu að innréttingu íbúða en mun samt koma skilaboðunum um það áleiðis til þeirra sem þar halda á málum.

8. **Bréf frá Vinum íslenskrar náttúru frá 4. júní 2025.**

Lagt fram bréf frá Vinum íslenskrar náttúru um skipulag skógræktar og leiðbeiningar um val á landi til skógræktar.

Lagt fram til kynningar en jafnframt sent í Umhverfisnefnd til umfjöllunar.

9. **Bréf frá sóknarnefnd Skálholtsdómkirkju frá maí 2025.**

Lagt fram bréf frá sóknarnefnd Skálholtsdómkirkju þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á flygli.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kaupin á flyglinum um kr. 250.000,- enda er Skálholtsdómkirkja aðsetur fjölbreyttrar menningarstarfsemi sem íbúar Uppsveita njóta allir. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

10. **Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.**

Lögð fram beiðni frá Hús fasteignasölu um að fallið sé frá forkaupsrétti að Ásastíg 12, fnr. 230-9333.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti að umræddri eign.

11. **Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.**

Lögð fram beiðni frá Fastlind um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna Reykjabóls lóð 20, fnr. 220-4210.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti að umræddri eign.

DGS
ADJ
B

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir jafnframt samhljóða að veita Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, sveitarstjóra, fullnaðarumboð til að hafna eða samþykkja erindi er lúta að forkaupsrétti innan þéttbýlisins á Flúðum. Aldís fær jafnframt fullt umboð til að skila inn tilkynningum og öðrum skjölum sem nauðsynleg eru vegna forkaupsréttar einstakra eigna á umræddu svæði. Markmiðið með þessari breytingu er að tryggja skilvirkni í afgreiðslu erinda er lúta að afstöðu sveitarfélagsins til forkaupsréttar enda sé salan og nýting fasteignanna í samræmi við deiliskipulag og uppbyggingaráform sveitarfélagsins á hverjum tíma. Samþykkt þessi gildir frá og með deginum í dag og þar til annað er ákveðið.

12. Umsókn um námsstyrk vegna fjölgunar faglærðra í leikskólanum Undralandi á Flúðum.

Lögð fram umsókn um námsstyrk vegna fjölgunar faglærðra í leikskólanum Undralandi á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða.

13. Bréf frá Félagi atvinnurekenda frá 10. júní 2025.

Lagt fram bréf frá Félagi atvinnurekenda vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði.

Sveitarstjórn bendir á að álagningarprósenta B og C flokks hefur verið sú sama hér í Hrunamannahreppi undanfarin ár en erindi félagsins lýtur að því að C flokkurinn (atvinnuhúsnæði) er víða hærri en B-flokkur (opinberar byggingar). Er álagningarprósenta í C flokki því lægri hér í Hrunamannahreppi en tíðkast víða annars staðar.

14. Minnisblað vegna fyrirhugaðrar umsóknar um dagdvalarrými fyrir Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp frá 3. júní 2025.

Lagt fram minnisblað þar sem kynnt er staða mála vegna fyrirhugaðrar umsóknar um dagdvalarrými fyrir Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu undirbúnings. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að unnið verði áfram að verkefninu á þeim nótum sem ráðgjafi hefur farið yfir með sveitarstjórum sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar sem jafnframt er sá síðasti fyrir sumarfrí sveitarstjórnar verði haldinn þann 3. júlí 2025.

Mál til kynningar:

16. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 980. fundar frá 27. maí 2025.

Lagt fram til kynningar.

17. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 85. fundar stjórnar frá 19. maí 2025.


Lagt fram til kynningar.

18. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 86. fundar stjórnar frá 23. maí 2025.

-Ásamt umsögn um áform um endurskoðun laga um tekjustofn sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja).

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:09


Alexandra Rós Jóhanneseðlittir
Þóruney Vignisdóttir
Dóti Geir Samúelsson


Alfreður Magnússon

4